



Ársskýrsla Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar 2025

Almenn starfsemi

Stefna Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar er að slökkviliðið sé alltaf tilbúið til útkalla. Við erum björgunarlið fyrir alla bæjarbúa og gesti.

Fjórir starfsmenn eru í fullu stafi hjá slökkviliði Ísafjarðarbæjar. Þeir sinna öllum störfum sem koma inn á borð slökkviliðs, svo sem sjúkraflutningum, eldvarnareftirliti og slökkvitækjaþjónustu. Auk þess að skipuleggja æfingar og endurmenntun fyrir aðra slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn.

Í slökkviliði eru starfandi 55 slökkviliðsmenn, 25 á Ísafirði, og tíu á hverri útstöð á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

Einnig eru sex slökkviliðsmenn í Súðavík og 25 í Bolungarvík sem eru í umsjá Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar samkvæmt þjónustusamningi.

Starfsstöðvar sjúkraflutninga eru tvær; á Ísafirði og Þingeyri. Þrír sjúkrabílar eru á Ísafirði og einn á Þingeyri. Bakvakt er á sjúkrabíl alla daga ársins er hér á Ísafirði.

Á hverju hausti er haldinn starfsdagur slökkviliðs og þar eru línur lagðar fyrir næsta starfsár, auk þess er lagður fram innkaupalisti og æfingaáætlun slökkviliðs. Æfingar slökkviliðs fara fram einu sinni í mánuði og íþróttaæfingar fara fram tvisvar í viku undir stjórn þjálfara.

Á útstöðvum eru æfingar einu sinni í mánuði yfir veturinn, undir stjórn þjálfunarstjóra.

Heimsóknir eru alltaf þó nokkrar til slökkviliðsins, sérstaklega yfir sumarið. Þá koma margir gestir af skemmtiferðaskipum, flestir af þeim eru slökkviliðsmenn eða fyrrverandi slökkviliðsmenn. Leikskólabörn og önnur börn koma líka reglulega til okkar í heimsókn.

Almannavarnir

Sameinuð nefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps

Haut- og vorfundir eru haldnir í sameinaðri almannavarnarnefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps, samkvæmt lögum um almannavarnir.

Fulltrúar frá Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra komu vestur í fundarherferð vegna nýrra laga um almannavarnir. Fundað var á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík. Með nýjum lögum er lagt til að Almannavarnarnefndir sameinist og er mikill og góður vilji til þess bæði á norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum.

Hópslysæfing var haldin í haust á svæði Hólmavíkur og Stranda og að þeirri æfingu komu allir viðbragðsaðilar á svæðinu. Æfingin gekk vel enda var undirbúningur búinn að standa lengi. Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæslan og rannsóknarnefnd umferðaslysa kom einnig að þessari æfingu.

Þá voru æfingar með björgunarsveit og starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða haldnar á árinu.

Veðurviðvaranir voru á starfssvæði slökkviliðsins, eins og eru á hverju ári, ýmist gular eða appelsínugular. Ekki kom þó til að manna þyrfti aðgerðastöð almannavarna vegna þessa.

Slökkvistöðvar

Slökkvistöðin á Ísafirði.

Skóflustunga var tekin fyrir nýja slökkvistöð þann 5. september 2025 af bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Þar var stórt skref stigið í rétta átt.

Búið er að teikna nýja slökkvistöð og er það Glóra.ehf í Reykjanesbæ sem sér um það. Fundir eru reglulega með Glóru og eins er sérstök bygginganefnd um nýja slökkvistöð að störfum.

Skrifstofur slökkviliðs fluttu úr leiguhúsnæði hjá Regus, í Guðmundarbúð. Er þetta gert í sparnaðarskyni.

Slökkvistöðvar á Suðureyri og Þingeyri.

Kominn er tími á ýmiskonar viðhald og málun innanhúss.

Heilsueftirlit slökkviliðsmanna

Undir stjórn hjartasérfræðings eru allir slökkviliðsmenn teknir í blóðprufu, læknisskoðun og hjartalínurit. Að auki er gripstyrkur mældur og gerðar rúmmáls-lungnamælingar. Þvagprufur verða teknar á þessu ári hjá öllum. Heilsuefning er að aukast og læknisskoðun að verða viðameiri hjá öllum starfsmönnum.

Reykkafarar skulu standast þrekpróf sem tekið er af þjálfara slökkviliðs og fá þá greitt þrekálag mánaðarlega.

Eldvarnareftirlit

Auknar kröfur eru gerðar á eldvarnareftirlitsmenn og fasteignaeigendur. Árlega er gefin út skoðunaráætlun og eru fyrirtæki heimsótt og skoðuð. Sum á hverju ári en önnur á fjögurra ára fresti, fer eftir hvaða starfsemi er rekin í fasteigninni og hversu margir starfsmenn og/eða gestir geta verið í rýminu í einu.

Umsóknir sem berast frá sýslumanni skipta tugum á ári. Góð samvinna er á milli slökkviliðsins og byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar, byggingarfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og verkfræðistofa í bænum.

Farið var í eldvarnarskoðun í inndjúp, skoðaðar voru kirkjur, hótél og gististaðir, allt samkvæmt reglugerð.

Ný lög voru samþykkt frá Alþingi sem veita slökkviliðum auknar heimildir til skoðunar, bæði í atvinnuhúsnæði, óleyfisíbúðum og heimilum, en fyrir skoðun á heimili þurfa að liggja ríkar ástæður.

Frekari kynningar vegna aukinnar heimildar slökkviliða og eldvarnareftirlits vegna óleyfisíbúða í atvinnuhúsnæði er að vænta frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Slökkvitækjaþjónusta

Seld og yfirfarin slökkvitæki er stór þáttur í starfsemi Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, bæði fyrir heimili, skip og bíla. Starfsemin er í húsnæði sem Ísafjarðarhöfn á og leigir slökkviliði.

Starfsleyfið var endurnýjað á árinu og gildir það í fimm ár.

Útköll slökkviliðs

Útköll slökkviliðs á árinu voru 36 samkvæmt gögnum frá Neyðarlínu 112, með mismiklum forgangi og mis mannfrek.

Enginn stóreldur eða stórtjón var á svæði slökkviliðsins árið 2025. Er þar þakkað öfluggu eldvarnareftirliti og auknum forvörnum á heimilum og fyrirtækjum.

Í júlí voru tvö útköll vegna skipsbruna, aðeins með viku millibili sem er mjög óvanalegt. Slökkvilið fór til aðstoðar við slökkviliðið Bolungarvík vegna elds í tveimur bátum sem lágu í höfn, annar báturinn brann til kaldra kola en hinn er mikið skemmdur. Báðir höfðu legið lengi óhreyfðir í höfn í Bolungarvík. Í þessu útkalli komu margir að málum, björgunarsveit á landi og sjó, hafnarstarfsmenn og fleiri. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar þakkar þessum aðilum sérstaklega fyrir gott samstarf.

Sjódæling var úr skipi sem lá í höfn á Ísafirði og mátti litlu muna að skipið yfirfylltist af sjó, en með snarræði útgerðamanna, starfsmanna á höfninni og slökkviliðs tókst að bjarga því, en miklar skemmdir eru um borð í skipinu.

Árlegar rýmingaræfingar voru í grunn- og leikskólum.

Útköll voru vegna umferðarslysa, leka hættulegra efna, aðstoðar við sjúkrabíl, elds í rusli og gróðri og annarrar aðstoðar við fyrirtæki og stofnanir.

Slökkvilið

Gengið var frá kaupum á körfubíl sem slökkvilið var með í láni frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Annar lítill þjónustubíll var keyptur á árinu, rafmagnsbíll að Dacia gerð, hann mun sinna ýmsum verkefnum, til dæmis sem bakvaktabíll fyrir áhafnir sjúkrabíla. Annar bíll af IZUSU pallbíll var keyptur inn og var gamall pallbíll seldur í staðinn. Búið er að skila litlum sendibíl sem var fenginn að láni frá áhaldahúsi.

Slökkviliðið er með afnot af æfingahúsnæði, gamla hesthúsið á Hauganesi. Þar hafa þjálfarar útbúið þrautabraut innandyra. Það er til mikilla bóta að æfa innandyra yfir veturinn. Allar útstöðvar koma til æfinga í þetta húsnæði. Miklir möguleikar eru fyrir hendi æfingalega séð, bæði inni í húsinu og uppi á þaki.

Ný brunavarnaráætlun er í yfirlestri hjá HMS. Fyrri áætlun rann út um síðastliðin áramót. Vonast er til þess að nýja áætlunin komi fljótlega til baka og fer hún þá fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

Endurnýjaður var samningur um gagnkvæma aðstoð við ISAVIA innanlandsflugvelli ehf, gildir hann í fimm ár.

Viðhald á bílum er stór kostnaður á hverju ári. Allir bílar slökkviliðsins eru að eldast og áframhaldandi endurnýjunar er þörf.

Bakvakt er hjá slökkviliði alla daga ársins, og er hún stjórnandi slökkviliðs í útköllum. Fjórir starfsmenn skipta þessu á milli sín, viku í senn.

Brunaviðvörðunarkerfum stofnana og fyrirtækja er að fjölga í rafrænu eftirliti hjá slökkviliðinu.

Öll tjalðsvæðin á svæði slökkviliðsins eru með 25 lítra léttvatnsslökkvitæki á hjólum og eru ferðamenn ánægðir með það. Alltaf eru einhverjir gestir sem geta brugðist við ef óhapp verður.

Áramótabrennur voru á starfssvæði slökkviliðsins. Eingöngu er brennt hreint timbur og við skoðun á nýársdag brunnu brennurnar vel, veður var mjög gott um kvöldið. Allir bæjarkjarnar hjá Ísafjarðarbæ hafa sínu brennu.

Sjúkraflutningar

Lítilsháttar fækkun var í sjúkraflutningum, en þeir voru 443 á árinu.

- F-1 útkall í hæsta forgangi: 77
- F-2 útkall á forgangi: 65
- F-3/F-4 almennir sjúkraflutningar: 301.

Læknir frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða kemur með í flest F-1 forgangsútköll. Slökkvilið þakkar læknum á heilbrigðisstofnuninni fyrir þeirra framlag til sjúkraflutninga á árinu.

Öll útköll hjá slökkviliði, sjúkrabílum og vettvangsliðum fara í gegnum Neyðarlínu 112.

Fjöldi sjúkraflutninga á sjúkrabíl á Þingeyri voru 27.

Endurnýjun á einum sjúkrabíl hjá okkur, sá er með rafmagnsbörum sem er til mikilla bóta fyrir starfsmenn. Beiðni liggur inni hjá Rauða Kross um endurnýjun á sjúkrabíl fyrir Þingeyri.

Mjög erfið útköll voru á sjúkrabíl sem kröfðust meiri vinnu og úrlausna en venjulega. Var kallað að borðinu menntað fólk til að aðstoða okkur.

Skíðavikan og Aldrei fór ég suður, Fossavatnsgangan og Hlaupahátíðin á Vestfjörðum eru stórar hátíðir á svæði slökkviliðsins, er þá sett inn auka bakvakt á sjúkrabíl.

Einnig er sett inn aukavakt þegar að farþega fjöldi frá skemmtiferðaskipum fer yfir 6000 farþega í bænum á sama degi. Þessir dagar voru 10 árið 2025.

Endurmenntun fer fram á hverju ári og er keypt kennsla frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og frá læknum sem vinna á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Endurnýjaður var samningur við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um sjúkraflutninga, gildir hann í fimm ár.

Lokaorð

Margar áskoranir eru fyrir Slökkvilið Ísafjarðarbæjar en fjármálin eru þar stærst. Forgangsraða þarf nokkrum sinnum yfir árið.

Reglugerðabreytingar sem koma reglulega frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna mála sem snúa beint að slökkviliðum þarf að uppfylla eftir bestu getu. Einnig eru bundin í kjarasamninga mál sem auka útgjöld slökkviliða, til dæmis símagreiðslur og þrekálag.

Þjónustusamningar við bæði Bolungarvík og Súðavík runnu út núna um áramótin og verða endurnýjaðir sem fyrst, aðeins er verið að bíða eftir nýjum sveitarstjórnarlögum til þess.

Slökkviliðsstjóri, fyrir hönd Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar þakkar þeim fjölmörgu sem komu að björgunaraðgerðum á árinu 2025.